

**Mál nr. 18/2023****Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila: V1 og V2****Nafn váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting. Akstur við brú.****Gögn.**

1. Málskot dags. 19. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 24. janúar 2023.
3. Bréf V2 dags. 1. mars 2023, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Í lögregluskýrslu sem gerð var vegna áreksturs bifreiðanna A, sem váttryggð er hjá V1 og B, sem váttryggð er hjá V2, kemur fram að áreksturinn átti sér stað á brú yfir Fossála á Suðurlandsvegi. Í lögregluskýrslunni eru m.a. myndir af ökutækjunum A og B og lýsing á aðstæðum ásamt lýsingu ökumanna á aðdraganda árekstursins. Ökumaður bifreiðar A segist hafa verið að aka í vesturátt í slæmu skyggni og þegar hann hafi séð bifreið B koma akandi að brúnni hafi hann séð að ökumaður hennar hafi ekki ætlað að stöðva bifreið B áður en komið var að brúnni. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið á um 70 km/klst hraða en náð að hæga niður í um 30 km/klst þegar árekstur varð og að árekstur hafi átt sér stað rétt vestan við brúna þars sem bifreið hans hafi stöðvast við áreksturinn. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa verið nánast kominn að brúnni þegar hann veitti bifreið A athygli og að þeirri bifreið hafi verið ekið á miklum hraða. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa nánast stöðvað sína bifreið og verið á um 5 km/klst hraða þegar árekstur varð og að árekstrarpunktur hafi verið ofan á brúnni en vegna hraða bifreiðar A hafi bifreiðarnar staðnæmst vestan við brúna. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram að brak úr bifreiðunum hafi verið ofan á brúnni, aðallega á vesturhelmingi hennar, en beggja vegna brúarinnar séu áberandi viðvörðunarkerki um að einbreið brú sé framundan og lækkun hámarks hraða, fyrst í 70 km/klst og síðan í 50 km/klst. Lögregla mat það þannig að þó snjókoma hafi verið á vettvangi hafi umferðarkerki verið vel læsileg.

M telur að með tilliti til staðsetningu bifreiða A og B við árekstur sé það nánast borðliggjandi að bifreið A sé í rétti.

V1 bendir á ákvæði 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 þar sem segir: „Ef ökutæki mætast þar sem vegur er svo mjór að hvorugt kemst framhjá hinu áhættulaust skal sá ökumaður sem fyrstu kemur að njóta forgangs en sá sem síðar kemur að skal, ef kostður er, nema staðar, aka út af vegi eða aka aftur á bak.“. V1 telur með vísan til mynda af vettvangi að bifreið A hafi verið komin fyrir að brúnni og hafi því átt að njóta forgangs og beri ökumaður bifreiðar B því alla sök á árekstrinum.

V2 vísar til sama ákvæðis umferðarlaga og að mati félagsins verði ekki með hliðsjón af framburði ökumanna um aðstæður í aðdraganda árekstur með óyggjandi hætti skorið úr því hvor þeirra kom fyrir að brúnni og því verði að skipta sök til helminga.

**Álit.**

Ágreiningur hverfist um hvort ráða megi af gögnum málsins hvor ökumanna bifreiða A eða B kom fyrir að einbreiðri brú á Suðurlandsvegi. Af lýsingu af aðstæðum í lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að áður en ekið er að hinni einbreiðu brú séu skýr viðvörðunarskilti vegna þrengingar og hámarks hraði færður niður. Þó brak úr bifreiðunum hafi verið á vestari hluta brúarinnar verður ekki skýrlega ráðið af því eða framburði beggja ökumanna í lögregluskýrslu hvor ökumanna hafi verið kominn fyrir að brúnni. Verður því ekki af gögnum málsins talið nægilega sannað að annar ökumanna hafi átt að veita hinum forgang í skilningi 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og skiptist sök því jafnt á milli þeirra.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiða A og B.

Póra Hallgrímsdóttir

Reykjavík, 4. apríl 2023.  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir